

Opið hús

Eins og fyrr verður opið hús, annann laugardag í hverjum mánuði og næst

14. febrúar 2009 kl. 10 til 12 að Hólshrauni 5 í Hafnarfirði.

Þema opna húsins verður að þessu sinni samspil tréskurðar og rennismíði. Bjarni Þór Kristjánsson mun fjalla um þetta efni og eru félagsmenn beðnir um að mæta tímanlega.

Opnu húsin til vors verða: **14. mars og 9. maí.** Aprílmánuður fellur út því sá laugardagur lendir inni í páskum. Nánar verður fjallað um efni þessara Opnu húsa þegar nær dregur.

Félagar, mætum og tökum með okkur gesti


Á opnu húsi 10. janúar



Á myndinni hér fyrir ofan eru þeir félagar Páll Elíasson og Björn Bergsson.

Til hliðar eru Daníel Dagsson, Sveinn Guðbjartsson og Rafn Harðarson.

Opið hús var 10. janúar að Hólshrauni 5 í Hafnarfirði. Umfjöllunarefnið á þessu opna húsi var um mismunandi gerðir tréskurðar. Á innsíðu Brýnisins núna er að nokkru fjallað um þessa meginflokka og sýndar myndir.



Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð

Pósthólf nr. 6 270 Mosfellsbæ

Netfang: silo@mmedia.is

Heimasíða: <http://www.listalind.is/treskurdur>

Ritstjórn er stjórn félagsins

Ábm. Björn Bergsson

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð 2. töl. 14. árgangur 2009

Frá formanni

Nú líður að næsta opna húsi hjá félaginu. Sú meginlína hefur verið mörkuð að hafa eitthvað eitt atriði sem flokka má undir fræðslu eða fróðleik sem ætti að koma félagsmönnum til góða. Hugmyndir um umfjöllunarefni eru vel þegnar. Núna 14. febrúar er ætlunin að tengja saman rennismíði og tréskurð. Ekki verður þó um rennismíði að ræða heldur skoðað hvað

þarf að hafa í huga þegar skorið er í renndan hlut. Formaður vill benda á heimasíðuna okkar og mikilvægi þess að uppfæra hana reglulega og að setja stöðugt inn nýtt efni. Myndir og fréttir frá ykkur eru alltaf vel þegnar. Með bestu kveðjum, Sigurjón



Úlfar Sveinbjörnsson rennir disk og Bjarni Þór Kristjánsson sýnir hvernig skorið er í renndan hlut hjá trérennismíðum. Bjarni Þór verður með innlegg á næsta opna húsi hjá okkur um sama efni.

Gerðir tréskurðar – meginflokkar

Myndflötur er tvívíður meðan einungis er teiknað á hann. Strax og skurðjárnir eru beitt verður hins vegar til þrívítt form, þ.e. dýptin bætist við hæðina og breiddina og fingurgómarnir geta, auk augans, greint myndflötinn. Mynd sem skorin er í eina hlið tréflatar þannig að hún risi af lægri grunni (t.d. vangamynd af manni) gefur þannig að vissu marki áþreifanlega tilfinningu fyrir þrívídd fyrirmyndarinnar. Þrívíddin kemur svo fram að fullu ef skorin er út stytta, t.d. brjóstmynd.

Framangreind lýsing á þrívíddaráhrifum tréskurðar skýrir að nokkru hvernig tréskurður er síðan flokkaður í nokkra meginflokka þótt sú flokkun sé ekki einhlít:

Flatskurður, Fleygskurður, Djúpskurður, Gegnskurður (gegnbrottinn skurður) og Heilskurður. Oft er þessum gerðum blandað saman að einhverju leyti og stundum eru mörkin óljós.



Flatskurður

Við flatskurð er mynstur og myndefni aðeins skorið grunnt í yfirborðsflötinn með V-járnri eða kröppu U-járnri. Fletirnir í kring eru oft lækkaðir (þó ekki alltaf) og eru kallaðir botn í því samhengi. Ef botn er gerður virðist myndefnið upphleypt. Ekki er unnið mikið við mynstur og myndir, helst skornir grunnir drættir með V-járnnum til að lífga eða skerpa. (Skurður: Sigurjón)

Fleygskurður

Fleygskurður á rætur að rekja allt aftur til miðalda og er oft hafður til skrauts og uppfillingar. Skurðinum er best lýst á mynd sem hér fylgir. Skorið er reglubundið fleygmynstur í sléttan yfirborðsflöt. Því mætti telja fleygskurð e.k. afbrigði af flatskurði, en það er ekki gert enda er hann sérstakur á ýmsan hátt og flest skurðarför mun dýpri. Þau eru gjarna samhverf og er þá líkt og horft sé ofan á bát. Slíkur fleygskurður er því oft kallaður *skipaskurður*. Mynstur fleygskurðar byggist jafnan á stærðfræðilegri nákvæmni og samræmi og því eru teikniáhöld eins og reglustika og sirkill nauðsynleg við gerð þess. (Laufabrauðspessa, birki, hönnun og skurður Sigurjón)



Djúpskurður

Við djúpskurð eða gerð lágmynda er gerður botn utan við mynstrið. Myndefnið er þannig gert lifandi með því að nýta möguleika efnisins við að ná fram þrívídd og eðlilegri lögun, t.d. ýmis konar ávala eins og andlitsfalli á vangamyndum fólks. Mjög er misjafnt hversu djúpt er farið en að jafnaði má gera ráð fyrir hálfri þykkt viðarins eða niður í það að skilja aðeins eftir fáeina millimetra. Akantusmynstur hefur löngum verið algengasta mynstrið í djúpskurði hérlandis. (Skurður: Sigurjón)



Einstök viðfangsefni við djúpskurð



Vangamyndir (prófilar). Það er ákveðin glíma að eiga við vangamyndir. Vandinn felst í því að geta blekkst augað því að sjaldnast er fjölin svo þykk að hægt sé að ná raunverulegri dýpt í skurðinn. Skurðverkið hér til hliðar er unnið þannig að meginlínur eru dregnar á pappír eftir ljósmynd. Teikningin er yfirfærð á fjöl með kalkipappír og síðan er skorið. (Skurður – Sigurjón)

Landslag. Vandinn við skurð landslagsmynda er svipaður og við vangamyndir, þ.e. að að gefa þeim þá dýpt sem liggur í eðli slíks myndefnis.

Í verkinu hér til hliðar þarf að gefa tilfinningu fyrir eyju í fjarska. Það er gert með því að hafa efstu brúnir eyjunnar ofar til að skapa halla á sjónum að eyjunni. Einnig eru línur í eyjunni hafðar færri í þeim tilgangi að skapa sjónræna dýpt. “Fjarlægðin gerir fjöllin blá” og línur mást nánast út nema útlínur. Þetta skurðverk er spjald á gestabók, byggt á vinnuteikningu frá Gunnari Ásgeiri Hjaltasyni listmálara. Myndin var yfirfærð á fjöl sem búið var að hefja til þannig að hún varð íhvolft og auðveldaði það tréskeranum að að skapa dýpt. (Skurður – Sigurjón)



Gegnskurður

Hér er átt við þegar botn á þeim skurðarflokkum sem hér hafa verið nefndir er sagaður í burtu. E.t.v. mætti segja að skurðverkið væri þá “botnlaust”. (Mahony, eftir gömlum ramma trúlega frá Þýskalandi, skurður Sigurjón)

Heilskurður

Þegar talað er um heilskurð er átt við að skorin séu út líkneski í fullri þrívídd, s.s. af mönnum og dýrum, og svo ýmsir munir, t.d. lampafætur. Sæmundur Valdimarsson, sem skar stytturnar úr tré, kemst svo að orði í viðtalsbók Guðbergs Bergssonar, *Sæmundur Valdimarsson og stytturnar hans*:

Ég finn fyrir því að ég verði að nota þarfir manns fyrir ilm. Þess vegna var gott að fá tjöruborinn við. Einnig þarf eitthvað að vera fyrir sjónina. Það er auðvitað stytta í heild sinni. Og svo verður að hafa eitthvað fyrir tilfinninguna. Stytta verður að vera mátulega hrjúf, ekki alls staðar rennislétt, þá er fengið eitthvað gott en misgott fyrir lófann.



Lampi, íslenskt birki, hönnun og skurður Sigurjón

Sigurjón Gunnarsson